

**Nð.**

**823. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 60 28. nóv. 1919, um hafnargerð í Ólafsvík.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

1. gr. l. 60/1919 orðist svo:

Til hafnargerðar í Ólafsvík veitast úr ríkissjóði  $\frac{2}{5}$  kostnaðar, eftir áætlun, er ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 280000 — tvö hundruð og áttatíu þúsund krónum — gegn  $\frac{3}{5}$  frá hafnarsjóði Ólafsvíkur. Með framlagi ríkissjóðs teljast fjárveitingar þær, sem þegar hafa verið veittar í fjárlögum, þó þannig, að ákvæði þessi um hlutfallsgreiðslur verki ekki aftur fyrir sig.

2. gr.

2. gr. sömu laga orðist svo:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 420000 — fjögur hundruð og tuttugu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Ólafsvíkur kann að fá til hafnargerðarinnar, gegn ábyrgð sýslunefndar Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Framlagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnuáráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.